



AST (AUSTFIRZKAR STODSTOFNANIR) Fundur nr. 3.

Fundur var haldinn í vinnuhópi um verkefnið Austfirzkar stoðstofnanir fimmtud. 5. maí 2011. Hófst kl. 09:00. Fundarstaður: Vonarland, Egilsstöðum.

Til fundarins voru eftirtalin boðuð: Skúli Björn Gunnarsson (Mark.Aust.), Hafliði H. Hafliðason (As.Aust.), Auður Anna Ingólfssdóttir (PFA), Stefanía G. Kristinsdóttir (PNA) og Signý Ormarsdóttir (MRA). Einnig fulltrúar SSA í hópnum; Arnbjörg Sveinsdóttir, Páll Björgvin Guðmundsson og Björn Ingimarsson. Signý Ormarsdóttir boðaði forföll. Aðrir mættu. Auk framangr. sátu fundinn Valdimar O. Hermannsson, form. SSA, Ásta Þorleifsdóttir frkvstj. MA og Sigurður H. Pálsson, löggiltur endurskoðandi (undir liðum 1 & 2).

Með fundarboðinu fylgdu eftirtalin gögn:

Fundargerðir AST nr. 1 og 2.

Fundargerðir framkvæmdaráðs AST nr. 1 – 7.

Samantekt um hlutverk og samskiptanet SSA.

Fjárhagslegar upplýsingar um stoðstofnanir í verkefninu v/ ársins 2009.

Drög að skýrslu frkv.ráðs AST lágu fyrir til kynningar og umfjöllunar á fundinum.

Valdimar setti fund og stýrði honum.

Dagskrá fundarins var svohljóðandi:

1. Kynnt drög að lokaskýrslu.

Framkvæmdaráðið (Arnbjörg, Páll Björgvin, Skúli Björn og Stefanía) kynnti drög að skýrslunni, ásamt hugmyndum um skipurit, sem kynnt er í henni.

2. Umræður og fyrirspurnir.

Undir þessum lið og samhliða framsögum undir lið 1 komu eðlilega fram sjónarmið, að menn þyrftu að kynna sér efnið og tillögurnar betur. Jafnframt fékk efnið í heild jákvæðar undirtektir og þá einkunn, að hér væri á ferðinni góð áfangaskýrsla.

M.a. var lögð á það áherzla að þess yrði gætt að séreinkenni stoðstofnana týndust ekki og tryggt að engir hnökrar yrðu á áframhaldandi fjárstreymi frá ríkisvaldinu, þar sem það ætti við og hefð væri fyrir til að tryggja að fjárhagsleg hagkvæmni skilaði sér í betri og aukinni þjónustu. Með vísan til vilja stjórnvalda, sem m.a. kemur fram í nýjum hugmyndum nokkurra ráðuneyta um endurskipulagningu stoðkerfisins var lögð áherzla á þörf þess að ná starfsemi Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands (Impru) og (atvinnu-) þróunarfélaga undir einni og sama hatt.

Hugmyndir eru uppi um að sameina hinn nýja vettvang sem mest undir einni kennitölu og voru ekki gerðar beinar athugasemdir við, enda verði þess gætt að sú niðurstaða verði unnin í samræmi við kostendur og/eða eigendur viðkomandi stofnana, sem sumir hverjir hafa til þessa lagt mikla áherzlu á rekjanleika fjármagns, sem þeir leggja til starfseminnar. Í máli Sigurðar Pálssonar kom skýrt fram að best væri að hafa sem mest af starfseminni undir sömu kennitölu sem yrði þá með vel deildaskiptu bókhaldi til að tryggja rekjanleika fjármagns til verkefna. Sömuleiðis sagðist hann telja að sjálfseignarstofnun með rekstur væri það rekstrarform sem hentaði best þessari starfsemi.

Minnt var á frumkvæði Austfirðinga í ýmsum efnunum og m.a. tengt starfi því sem fellur undir hluta af umræddum stofnunum og talið brýnt að ná einnig forskoti á þessu sviði. Slíkt ætti að geta skilað betri samningum við ríkisvaldið um framlög þar sem viss áhætta væri tekin með miklum samruna stoðkerfisins.

Rætt var um nauðsyn þess að einfalda starf og aðgengi að upplýsingagjöf núverandi stofnana, þannig að það nýttist almenningi og fyrirtækjum enn betur og nú við það að „flækjustigið“ minnkaði. Leggja yrði áherslu á, að hér væri um að ræða áttak í atvinnuuppbyggingu á svæðinu og höfða til samfélagslegrar ábyrgðar. Fram kom það sjónarmið að samnýta þyrfti þann mannauð, sem fyrir væri hjá sveitarfélögunum, ná sátt um starfsemi og staðsetningu starfsstöðva og tryggja að heima fyrir (t.d. hjá sveitarstjórnunum á starfssvæði SSA) lægi fyrir hver ávinningurinn ætti að verða.

3. Tenging við skyld verkefni / móttaka gesta.

Inn á fundinn mættu undir þessum lið eftirtalin:

Anna Guðrún Edvarðsdóttir, bæjarfulltrúi í Bolungarvík. Hún var áður form. stjórnar FV og forseti bæjarstjórnar á Bolungarvík.

Stefán Bogi Sveinsson, forseti bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs. Hann er auk þess m.a. stjórnarform. Vísindagarðsins ehf.

Anna Guðrún gerði grein fyrir doktorsverkefni, sem hún vinnur nú að, en þar er hún að kanna áhrif aðgengi að háskólamenntun í eða sem næst heimabyggð á búsetu o.fl. Eitt af rannsóknarsvæðum hennar er Austurland og tengiliðir eru t.d. Stefanía G. Kristinsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson hjá Stofnun fræðasetra Háskóla Íslands

Hún kvaðst búin að lesa fyrirbyggjandi drög og lýsti þeirri skoðun sinni að henni hugnuðust vel þær hugmyndir, er þarna væru fram settar.

Stefán Bogi kvaðst hrifinn af því hve róttækar tillögur framkvæmdaráðið legði fram. Hann eins og flestir, er tjáðu sig, lagði auk þess áherslu á að hér hefði faglega verið að verki staðið og fyrir lægju nú þegar ítarleg gögn í vinnuferlinu.

Í lok umræðunnar kom fram að gagnvart ríkisvaldinu væri áhrifaríkast að leggja tillögur þær, sem í stefndi, fram í nafni SSA með þeim einkunnarorðum að tími væri kominn til að breyta starfsaðferðum í byggðaðróun og samstarfi á ákveðnum svæðum. Það vildu menn eystra gera og á þann hátt, sem fram kæmi í hinu endanlega skjali.

4. Önnur mál.

- a) Fram kom að ÞFA og ÞNA ætla að halda aðalfund samhliða 27. maí n.k. Lögð var áhersla á að tímanlega fyrir þann fund lægju sem mest fyrir endanlegar hugmyndir og tillögur að nýju skipuriti.
- b) Ákveðið að næsti fundur vinnuhópsins verði í Fróðleiksmolanum á Reyðarfirði mánud. 16. maí. kl. 9-12. Gert er ráð fyrir að fulltrúar í starfshópnum verði þá búnir að bera þessar hugm. óformlega undir sitt bakland.

Um kl. 12:00 bauð SSA fundarmönnum upp á málsverð. Að honum loknum var fundi slitið um kl. 12:30

Valdimar O. Hermannsson (fundarstjóri). Bj. Hafþór Guðm. (fundarritari).